

Nd.

473. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 152 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldar greinar:

- a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
- b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
- c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkvæmt 2. gr. háskólalaganna 23. júní 1936.

30. gr. hljóðar svo:

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins, skólastjóri gagnfræðaskólans á Laugarvatni og einn maður, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn.

39. gr. hljóðar svo:

Þegar hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.